Fjölbrautaskóli Suðurnesja
Sudurnes Comprehensive and Community College

# 233. fundur Skólanefndar FS
# 4. maí 1999

**Mættir:** Kristbjörn Albertsson formaður, Jón Ingi Baldvinsson, Stefanía Ólafsdóttir, Ingimundur Þ. Guðnason, Guðbjörg Ingimundardóttir, áheyrnarfulltrúinn Ragnheiður Gunnarsdóttir og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

**Dagskrá:**
1. Gildistaka aðalnámskrár.
2. Skólasamningur.
3. Önnur mál.

**1. Gildistaka aðalnámskrár.**
Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi gildistöku aðalnámskrár. Samþykkt að hefja aðlögun að starfi samkvæmt nýrri námskrá strax í haust eins og kostur er.

**2. Skólasamningur.**
Skólameistari sagði frá vinnu við endurskoðun skólasamnings. Samningurinn verður kynntur í skólanefnd þegar hann verður tilbúinn til undirritunar.

**3. Önnur mál.**

a) Próftöflu og áföngum í boði á haustönn dreift til nefndarmanna.

b) Skólameistari sagði frá kynningu á skólanum í grunnskólum nú í maí.

c) Skólameistari kynnti drög að samskiptaáætlun milli skólans og grunnskóla vegna grunnskólanemenda sem taka áfanga frá skólanum.

Sunnubraut 36 • 230 Keflavík • IS - Iceland • Sími / Tel.:+ 354 421 3100 • Bréfasími / Fax: +354 421 3107

d) Fjórir sóttu um stöðu aðstoðarskólameistara: Björgvin R. Leifsson, Borgþór Arngrímsson, Oddný G. Harðardóttir og Sævar Tjörvason. Skólanefnd mælir með því að Oddný G. Harðardóttir verði ráðin aðstoðarskólameistari til næstu 5 ára. Ein umsókn barst um stöðu íslenskukennara; mælt með að ráða Starkað Barkarson.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

# Fundur með forráðamönnum 10. bekkinga

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, framhaldsskóli Suðurnesjamanna, vill gjarnan koma upplýsingum um skólastarfið og námsframboð skólans á framfæri við foreldra/forráðmenn 10. bekkinga á Suðurnesjum.
Í þessum tilgangi er boðað til fundar með foreldrum/ forráðamönnum nemenda 10. bekkjar í Njarðvíkurskóla þriðjudaginn 18. maí kl. 20:00-22:00.

Dagskrá:

1. Nám fyrir alla nemendur - helstu áherslur Fjölbrautaskóla Suðurnesja – Ólafur Jón Arnbjörnsson, skólameistari
2. Námsframboð Fjölbrautaskóla Suðurnesja
3. Röðun í námshópa
4. Umsjón með nýnemum og námsráðgjöf
5. Fyrirspurnir og umræður

Foreldrar/forráðamenn eru hvattir til að koma og kynnast starfi Fjölbrautaskóla Suðurnesja og leggja fram fyrirspurnir.

Skólameistari

# Foreldrafundir í grunnskólunum í maí 1999

| | | | |
|---|---|---|---|
| **Grunnskólinn í Vogum** | **424-6655** | **Jón Ingi** | |
| Foreldrafundur | 05.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |
| **Grunnskólinn í Sandgerði** | **423-7439** | **Guðjón Kristjánsson** | |
| Foreldrafundur | 06.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |
| **Gerðaskóli** | **422-7380** | **Einar Arason** | |
| Foreldrafundur | 10.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |
| **Grunnskólinn í Grindavík** | **426-8555** | **Gunnlaugur Dan** | |
| Foreldrafundur | 11.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |
| **Holtaskóli** | **421-1135** | **Jónína Guðmundsdóttir** | |
| Foreldrafundur | 17.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |
| **Njarðvíkurskóli** | **421-4399** | **Gylfi Guðmundsson** | |
| Foreldrafundur | 18.maí | Kl. 20:00 | Ólafur Jón, |
| | | | |
| | | | |

GA/04.05.1999

Samskiptaáætlun milli FS og grunnskóla sem vilja bjóða upp á nám í STÆ 103, ÍSL 103, ENS 103, DAN 103 sem valgrein í 10. bekk. Þessi möguleiki er aðeins ætlaður þeim nemendum sem hafa staðið sig vel í námi í grunnskóla.

1. Til að geta átt kost á þessu námi verður nemandi að hafa að lágmarki 8 í viðkomandi fagi upp úr 9. bekk.
2. Þessir áfangar eru teknir á heilum vetri og verður því prófað í þeim að vori.
3. Ekki er gert ráð fyrir að nemendur séu í fleiri en tveimur áföngum.
4. Í upphafi annar skal viðkomandi skóli setja sig í samband við sviðstjóra í viðkomandi fagi í FS sem þá getur vísað á þann deildarstjóra sem sjá mun um þessi mál innan Fjölbrautaskólans. Mikilvægt er að grunnskólinn sendi nafnalista með þeim nemendum sem hafa fengið inni í valinu eða ætla að taka áfangann og að sá sem annast mun kennsluna komi til fundar við tengilið sinn í FS. Á þeim fundi verður kennaranum látin í té kennsluáætlun fyrir áfangann og þeir skipuleggja síðan hvernig best er að haga samskiptum skólanna sem getur verið mismunandi eftir fögum. Þar verður einnig gengið frá öllum þeim atriðum sem snerta kröfur þær sem gera verður til nemenda um námsframvindu og ástundun.
5. Gert er ráð fyrir að grunnskólarnir hafi aðgang að þeim verkefnum sem lögð eru fyrir í viðkomandi áfanga innan FS.
6. Þeir nemendur sem áunnið hafa sér rétt til, eftir því sem tíðkast í hverjum áfanga, koma síðan í FS að vori og taka þar lokapróf á þeim stað og tíma sem FS ákveður.
7. Þann kostnað sem hlýst af þeirri vinnu sem kennarar FS inna af hendi, umfram upplýsingaskyldu sína sem sviðs- og deildarstjórar eins og fram kemur hér að ofan, skal nemandi greiða áður en gengið er til prófs. Samið skal um slíkt í hverjum áfanga.

Vinsamlegast birtið auglýsingu þessa í Morgunblaðinu sem kemur út sunnudaginn 18. apríl og setjið inn merki **Fjölbrautaskóla Suðurnesja** á auglýsinguna.

---

# Aðstoðarskólameistari

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru nú laus til umsóknar staða aðstoðarskólameistara til fimm ára. Ráðið verður í stöðuna frá 1. ágúst 1999.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum framhaldsskólakennara. Ekki er nauðsynlegt að skila inn umsóknum á sérstöku eyðublaði. Frekari upplýsingar um starfið veitir skólameistari í síma 421 3100.

Umsóknir þurfa að berast skólameistara fyrir 2. maí 1999.

Skólameistari

---

Ólafur Jón Arnbjörnsson

Vinsamlegast birtið auglýsingu þessa í Morgunblaðinu sem kemur út sunnudaginn 18. apríl og setjið inn merki **Fjölbrautaskóla Suðurnesja** á auglýsinguna.

---

# Framhaldsskólakennarar

Við Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru nú lausar til umsóknar eftirfarandi kennarastöður frá og með 1. ágúst 1999.

**Hársnyrtigreinar – heil staða**
**Íslenska – heil staða**
**Saga – ½ staða v/ afleysinga**
**Stærðfræði - heil staða**
**Tölvukennsla – heil staða**
**Vélstjórn – heil staða**
**Viðskiptagreinar – heil staða**
**Raungreinar – heil staða**
**Fatagerð - ½ staða**
Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum framhaldsskólakennara. Ekki er nauðsynlegt að skila inn umsóknum á sérstöku eyðublaði. Frekari upplýsingar um störf þessi veitir skólameistari í síma 421 3100.

Í Fjölbrautaskóla Suðurnesja eru um 750 nemendur í dagskóla og 300 í öldungadeild. Kennarar og aðrir starfsmenn eru um 70. Nemendur skólans eru flestir búsettir á Suðurnesjum en þar búa um 15.000 manns í 5 sveitarfélögum. Kennarahópurinn er góður og vinnur auk kennslu að margvíslegum skólaþróunarverkefnumm. Frá Reykjanesbæ eru aðeins 45 km til Reykjavíkur eftir upplýstri Reykjanesbrautinni.

Umsóknir þurfa að berast skólameistara fyrir 2. maí 1999.

Skólameistari

---

Ólafur Jón Arnbjörnsson

**Umsækjendur um stöðu aðstoðarskólameistara.**

Björgvin R. Leifsson 220755 –5339, MS í Sjávarlíffræði + UK. (áfangastjóri í 5 ár + umsjón með öldunagadeild og farskóla)
Borgþór Arngrímsson 120450-3529, BA í Leikhúsfræði + Dipl. í stjórnun frá Open Univ. (deildarstj. + sviðsstjóri í 3 ár)
Oddný G. Harðardóttir B.Ed +30ein. Stærðfræði HÍ (skráð í MBA við HÍ og Warwick. (aðstoðar skólm. í 5 ár)
Sævar Tjörvason, Doktor í Félagsfræði. + UK. (ýmis stjórnunarstörf við IR)

**Umsóknir um auglýstar stöður kennara:**
**Íslenska:**
Starkaður Barkarson 181073-5789 BA í ísl + UK.
**Tölvufræði:**
Sævar Tjörvason ?
Danska - **ekki aulýst.**
Anna Vilborg Einarsdóttir. BA + UK
Stine Rasmussen BA + UK

**Aðrar umsóknir hafa ekki borist.**

Árný Margrét Eiríksdóttir sækir um launalaust leyfi.